

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, sbr. lög um breytingu í þeim lögum nr. 62 21. maí 1979 og nr. 95 31. desember 1975 og öðlast gildi 1. janúar 1980, jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 160/1979 um breyting á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 289/1978.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 6. desember 1979.

Magnús H. Magnússon.

Páll Sigurðsson.

S A M Þ Y K K T

um breyting á samþykkt um hundahald í Skútustaðahreppi nr. 216/1978.

1. gr.

2. gr. c liður orðist svo:

Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, er hefur fullt vald yfir honum. Sveitarstjórn getur heimilað frávik frá þessari málsgrein varðandi þá hunda, sem voru hinn 1. nóvember 1979 í eigu einstaklinga búsettra í hreppnum.

Eigi er heimilt að hafa með sér hunda, þótt í taumi séu, inn í skólahús, almennar skrifstofur, samkomuhús, leikvelli eða verslanir, svo og starfsstöðvar hverju nafni sem nefnast, þar sem úrvinnsla, meðferð eða geymsla matvæla á sér stað.

2. gr.

Ofangreind samþykkt sveitarstjórnar Skútustaðahrepps staðfestist hér með skv. 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 5. desember 1979.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

A U G L Ý S I N G

um gjaldskrá fyrir afnotagjöld og auglýsingar Ríkisútvarpsins.

Afnotagjöld Ríkisútvarpsins fyrir síðari helming árs 1979 hafa verið ákveðin sem hér segir:

Afnotagjald hljóðvarpstækja	kr. 7 000.—
Afnotagjald svart/hvítra sjónvarpstækja	— 14 700.—
Afnotagjald litsjónvarpstækja	— 19 500.—

Verðtaxtar auglýsinga í útvarpi:

Alls staðar er miðað við krónur fyrir hvert orð.

Flokkur 1

Dánartilkynningar og jarðarfarir, messur. Tapað — fundið.
Góðgerðarstarfsemi kr. 300.—

Flokkur 2

Opinberar tilkynningar, auglýsingar um fundahöld. Kvik-
mynda- og leiksýningar. Auglýsingar um verslun og við-
skipti, sem lesnar eru kl. 9.30 og kl. 16.00 kr. 470.—

Flokkur 3

Auglýsingar um verslun og viðskipti, lesnar fyrir og eftir
hádegisfréttir og fyrir kvöldfréttir kr. 550.—

Flokkur 4

Allar auglýsingar og tilkynningar, hvers efnis sem er, lesnar
eftir kvöldfréttir kr. 1 100.—

Verðtaxtar auglýsinga í sjónvarpi:

	frá 1.10. 79
7 sek.	kr. 36 300
10 —	— 56 300
15 —	— 70 400
20 —	— 87 700
25 —	— 98 600
30 —	— 110 000
35 —	— 130 000
40 —	— 140 000
45 —	— 150 000
50 —	— 166 700
55 —	— 183 300
60 —	— 200 000

Menntamálaráðuneytið, 29. nóvember 1979.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Sigríður Thorlacius.

S A M Þ Y K K T

um sorphreinsun í Reyðarfjarðarhreppi.

1. gr.

Reyðarfjarðarhreppur sér um sorphreinsun frá öllum fasteignum á skipulögðu svæði kaupsins. Fer hún fram undir stjórn sveitarstjórnar og með umsjón heilbrigðisnefndar Reyðarfjarðarhrepps.